

REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Leyfi til notkunar nítrita er háð því skilyrði, að verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) tilkynni Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, ef notað er nítrit til rotvarnar á loðnu eða öðrum bræðslufiski. Leyfi er einnig því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur gert nítritákvarðanir.

2. gr.

Hráefni (loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 150 mg/kg nítrit, þegar það er unnið. Allar nítritákvarðanir í hráefni skulu bókfærðar og er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins heimill aðgangur að þessum niðurstöðum. Leyfilegt er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni að því tilskildu, að nítritinnihald þess rotvarða sé undir 200 mg/kg og tryggt sé, að blöndun hráefnis sé góð.

3. gr.

Sýni skulu send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af öllu mjöli, sem framleitt hefur verið úr nítritrotvörðu hráefni. Verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) ber ábyrgð á, að sýni séu send Rannsóknastofnuninni sem fyrst af öllu nýframleiddu mjöli, sem unnið hefur verið úr nítritrotvörðu hráefni. Í mjöli úr nítritrotvörðu hráefni mega ekki mælast nitrósamín eða önnur eitrefni og hættuleg efni í því magni, er að dómi eitrefnanefndar telst varhugavert, sbr. 15. gr. laga nr. 85/1968.

4. gr.

Notkun nítrita um borð í veiðiskipum er óheimil.

5. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út, að höfðu samráði við eitrefnanefnd, leiðbeiningar um meðferð rotvarnarefna og heppilegar blöndur af þeim, a. m. k. árlega.

6. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Rannsóknastofnunin sendir eitrefnanefnd árlega skýrslu um mælingar á nítritum og öðrum eitrefnum og hættulegum efnum í bræðslufiski, sbr. ákvæði 3. gr.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nítrits og sektum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eitrefni og hættuleg efni, og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið hvað varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júlí 1981.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.